



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 2. apríl 2014.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. um smápörungaverksmiðju á Reykjanesi, 375. mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Með því er lagt til að ríkisstjórn Íslands verði veitt heimild til að staðfesta fjárfestingarsamning við Algalíf Iceland ehf. smápörungaverksmiðju á Reykjanesi.

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að lögfest verði allnokkur frávik frá íslenskum skattlagningarreglum sem gilda eiga um skattlagningu Algalífs Iceland ehf. Meðal annars er lagt til að tekjuskattshlutfall verði 18%, almennt tryggingagjald skal vera 50% lægra en almennt gildir og félagið verður undanþegið markaðsgjaldi. Frávikin eru þó tímabundin.

Þrátt fyrir að landsframleiðslutölur síðustu ára staðfesti að fjárfesting sé farin að taka við sér á ný er fjárfestingastigið enn lágt og töluvert undir langtímameðaltali. Uppbygging smápörungaverksmiðju er verðugt verkefni sem byggir á erlendri fjárfestingu. Þó svo að verkefnið sé hvorki orkufrekt né stórt í sniðum þá hefur það mikla möguleika á að vaxa og getur stuðlað að myndun sérhæfðra starfa einkum á sviði líftækni auk afleiddra starfa. Það getur því haft jákvæð áhrif á byggðaðróun á svæði sem hefur glímt við umtalsvert atvinnuleysi.

Samtök atvinnulífsins lýsa því stuðningi við samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Halldór Árnason